

Skólaráðsfundur Stóru-Vogaskóla 21. 01. 2015

Mættir: Svava Bogadóttir - skólastjóri, Anna Hlöðversdóttir - fulltrúi almennra starfsmanna, Jens G. Einarsson og Hannes Birgir Hjálmarsson - fulltrúar kennara, Tanja Sigmundsdóttir og Sindri Friðriksson - fulltrúar nemenda, Magnús Steingrímsson fulltrúi foreldra, Oddur Þórðarson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Skólanámskrá

- almennur hluti kominn á heimasíðu skólans.
- bekkjanámskrár eru í vinnslu - skoðuðum 9. bekkjar námskrána eins og hún er í dag.

2. Skólareglur

- skólareglurnar hafa verið kynntar í bekkjum, en skólinn á að hafa skólareglur, Svava kynnti skólareglurnar sem eru á heimasíðu og eru kynntar árlega fyrir nemendum. Nokkuð rætt um notkun nemenda á farsímum í tímum en reglan er skýr - það má ekki nota farsíma/snjalltæki í tímum nema með leyfi kennara. Svava fór einnig yfir aðgerðaáætlun Stóru-Vogaskóla vegna agamála sem er á heimasíðu skólans. Svava fór yfir viðbragðsáætlun Stóru-Vogaskóla vegna óásættanlegrar og/eða skaðlegrar hegðunar nemenda. Í skólanum er viðbragðsteymi sem í eru um 12 starfsmenn skólans sem hafa farið á námskeið um hvernig skal taka á ofbeldisfullum nemanda. Nánari útfærsla á viðbragðsáætlun er á heimasíðu skólans. Rætt um punktakerfi vegna mætingar sem gildir fyrir 5.-10. bekk.

3. Fréttabréf í janúar

- Skólapúlsinn - niðurstöður eru á heimasíðu skólans, könnun á líðan og námi nemenda sem var framkvæmd í haust og verður framkvæmd aftur í vor. Svava fór yfir niðurstöður Skólapúlsins einkum samanburð við aðra skóla. Þar kemur m. a. fram að skólinn kemur betur út rekstrarlega árið 2013, en meðaltal grunnskóla landsins, hann hefur engar sértekjur en t. d. skapar leiga á Tjarnarsal tekjur en sú leiga er ekki á vegum skólans. Nemendur eiga að meta sig sjálf, líðan og getu í námi, þar koma þau ekki nógu vel út. Við teljum að meira búi í nemendum en fram kemur í þessari könnun og er verið að vinna í því. Jákvætt er að tíðni eineltis hefur skv. könnuninni lækkað verulega undanfarið ár og er skólinn undir landsmeðaltali.

4. Önnur mál

- Svava lagði til að sérstök kynning á skólareglum og nemendakönnun yrði fyrir 6. - 10. bekk á sal á föstudegi við fyrsta tækifæri.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 09.20
Hannes Birgir fundarritari